

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Urðarás 12 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. mars 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Urðarás 12 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að hús fer út fyrir byggingarreit u.þ.b. 4 m² á austurhlið og u.þ.b. 0,5 m² á suðurhlið.

Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 26. mars 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

15. janúar 2001

Nr. 287

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Skaftárhreppi 2001.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000.

2. gr.

Innheimta skal sorphreinsunargjald að lágmarki kr. 10.488 af hverri íbúð.

Gjöld vegna sumarhúsa skulu vera að lágmarki kr. 5.244 af hverju húsi þar sem regluleg sorphreinsun fer fram. Gjöld vegna annarra sumarhúsa skulu vera að lágmarki kr. 2.622.

Fyrirtæki skulu greiða sorphreinsunargjöld að lágmarki kr. 10.488 fyrir hvert fyrirtæki. Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og þeir sem stunda búrekstur á jörðum í sveitarfélaginu.

Sorphreinsunargjöld skulu að jafnaði innheimt með fasteignagjöldum eða með sérstökum reikningi þar sem það á við.

3. gr.

Sorphreinsunargjaldið er sem hér segir:

	kr.
a. Íbúðir	10.488
b. Sumarhús	5.244
c. Önnur sumarhús	2.622
d. Fyrirtæki	
Flokkur A	10.488
Flokkur B	20.976
Flokkur C	41.925
Flokkur D	83.904
Flokkur E	104.880
Flokkur F	125.856

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni eða rúmmáli úrgangs.